

14. mál. Fylgiskjal með tillögu til þingsályktunar um fjölda starfa í vígðri þjónustu þjóðkirkjunnar.

## **Minnisblað um hagræðingu í mannahaldi þjóðkirkjunnar sem ná mætti fram með breytingum á prestakallaskipan o.fl.**

*(Minnisblaðið er unnið af Gísla Jónassyni, formanni fjárhagsnefndar kirkjubings, og Guðmundi Þór Guðmundssyni, skrifstofustjóra biskupsstofu með umboði frá biskupi Íslands).*

### **Inngangur**

Hér er sett fram heildstæð tillaga að mönnunaráætlun kirkjunnar og breyttri prestakallaskipan þjóðkirkjunnar, sem afleiðingu af henni þar sem reynt er að taka tillit til þeirra miklu breytinga sem hafa orðið í búsetu Íslendinga á síðustu áratugum, en þær breytingar hafa fram að þessu ekki nema að takmörkuðu leyti endurspeglast í breytingum á prestakallaskipan og því hvernig kirkjan hefur nýtt starfsmenn sína.

Grunnforsendur tillögunnar eru fjárhagslegar auk annarra mikilvægra þátta sem tilgreindir eru í skjali þessu. Þá hefur sérstaklega verið tekið tillit til þess, að núverandi fjárhagsstaða leyfir ekki þann fjölda starfsmanna sem nú er í þjónustu kirkjunnar, enda er heildarfjöldi starfsmanna í dag nokkuð umfram þann fjölda sem lagður var til grundvallar í kirkjujarðasamkomulaginu frá árinu 1997. Með þessum tillögum er því lagt til að heildarfjöldi starfsmanna verð u.þ.b. sá sem þar var miðað við. Verða stöðugildi presta þá alls 134,7 sem er fækkun um 10,5. Stöðugildi á biskupsstofu og í annarri stoðþjónustu yrðu 24,5 sem er fækkun um 1,5. Fjöldi stöðugilda væri þá alls 157,7 en ætti að vera 158 skv. forsendum kirkjujarðasamkomulagins. Til samanburðar skal þess geti að núverandi fjöldi stöðugilda er 169,7.

Við þessa tillögugerð hefur verið horft til þátta eins og mannfjölda, fjölda þjóðkirkjufólks, fjölda kirkna og messuskyldu á þeim, vegalengda og ýmissa landfræðilegra staðhátta sem hafa áhrif á prestsþjónustuna. Einnig hefur verið skoðuð líkleg íbúapróun á þeim svæðum þar sem mestar líkur eru taldar á verulegum breytingum á allra næstu árum. Þá hefur einnig verið horft til þess að afleggja einmenningsprestaköll eins víða og kostur er í samræmi við stefnumótun biskupafundar.

Tillögurnar eru um margt líkar fyrri tillögum biskupafundar varðandi prestakallaskipanina, nema þá helst fyrir það að hér hefur verið reynt að meta heildstætt þörf fyrir fjölda presta í prestaköllum og prófastsdæmum. Sömuleiðis

hafa þessar tillögur verið aðlagðar að fyrrliggjandi tillögu um breytingu á starfsreglum um prófasta. Einnig eru hér gerðar nokkrar tillögur um breytingar í sérþjónustunni og á starfsliði biskupsstofu.

Lagt er til að því markmiði um fækkun stöðugilda, sem hér er gerð tillaga um, verði náð ekki síðar en á næstu tveimur árum og á því aðlögunartímabili verði heimildir til að færa fólk til í störfum nýttar eins vel og framast er unnt auk þess sem samið verði um starfslok og/eða skert starfshlutfall þar sem það geti átt við. Verði þessar leiðir markvisst nýttar virðist okkur að ekki þurfi að koma til uppsagna, nema þá í algjörum undantekningartilfellum.

Verði markmiði þessara tillagna náð má ætla, að árlegur sparnaður á launakostnaði verði u.þ.b. 180-190 milljónir króna. Ætti það að vera gott innlegg í þær hagræðingaraðgerðir sem kirkjan þarf nauðsynlega að grípa til, þannig að hún nái sem fyrst jafnvægi í fjármálum sínum.

Minnt er á að unnið hefur verið af hálfu biskupsstofu undanfarin ár að innleiðingu svonefndra viðbótarskyldna presta í prestaköllum þar sem því verður komið við. Hafa ýmis verkefni verið fært til presta sem hafa viðbótarskyldur. Störf presta hafa undanfarin ár verið auglýst með viðbótarskyldum.

## Breytingar í prestakallaskipan og prestsþjónustu

### 1. Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

- a. Hallgríms- og Háteigsprestaköll sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna. **Eitt stöðugildi sparast og notast fyrir stöðugildi prófasts** sem hafi aðsetur í prestakallinu. **Ath! Breyting frá biskupafundi.**
- b. Dómkirkju- og Nesprestakall sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og þrjú prestar þjóna. **Ath! Breyting frá biskupafundi.** Óbreytt stöðugildi. *(Áætlað er að íbúum í sameinuðu prestakalli geti fjölgað um u.þ.b. 3.000 manns til ársins 2030 og verði þá um 24.000 en þarna er þjóðkirkjuhlutfallið hins vegar mjög lágt.)*
- c. Laugardalsprestakall, sóknarprestur og þrjú prestar. Óbreytt. *(Áætlað er að íbúum í sameinuðu prestakalli fjölgi um u.þ.b. 3.000 til ársins 2030 og geti þá orðið um 19.000)*
- d. Fossvogsprestakall, sóknarprestur og tveir prestar. Óbreytt.

- e. Seltjarnarnesprestakall, sóknarprestur. Óbreytt í bili. **ATH!**

**Alls: Fimm sóknarprestar og tíu prestar auk héraðsprests og prófasts í fullu starfi.**

**Stöðugildi því alls 17 sem er óbreyttur fjöldi frá því sem nú er.**

## 2. Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

- a. Árbæjar- og Grafarholtsprestaköll sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og þrír prestar þjóna. **Ath! Breyting frá biskupafundi.** Óbreytt stöðugildi. (Áætlað er að íbúum fjölgi um u.þ.b. 3.800 til ársins 2030 og verða þá um 22.500)
- b. Grafarvogsprestakall, sóknarprestur og þrír prestar. Óbreytt. (Áætlað er að íbúum fjölgi um u.þ.b. 5.000 til ársins 2030 og verða þá um 23.000)
- c. Breiðholtsprestakall, sóknarprestur og tveir prestar. Óbreytt í bili. (Áætlað er að íbúum í Breiðholti, að Seljahverfinu meðtöldu, muni fjölga um 6.000-8.000 fram til ársins 2030 og verði þá u.þ.b. 30.000)
- d. Seljaprestakall, sóknarprestur og prestur. Óbreytt í bili. **(Sameinast væntanlega Breiðholtsprestakalli innan tíðar.)**
- e. Lindaprestakall, sóknarprestur og tveir prestar. Óbreytt. (Hér mun íbúum fjölga um u.þ.b. 4.000 á næstu árum og verða þá um 19.000.)
- f. Digranes- og Hjallaprestakall, sóknarprestur og þrír prestar. **(Aukning um 0,5 stöðugildi.)** (Hér mun íbúum fjölga um u.þ.b. 5.500 á næstu árum og verða þá um 22.500.)
- g. Kársnesprestakall, sóknarprestur og prestur. **(Aukning um eitt stöðugildi.)** (Áætlað er að íbúum fjölgi úr 6.000 í um 9.000 á allra næstu árum.)

**Alls: Sjö sóknarprestar og fimmtán prestar auk héraðsprests og prófasts í fullu starfi.**

**Stöðugildi því alls 24 sem er fjölgun um 1,5.**

## 3. Kjalarnesprófastsdæmi

- a. Grindavíkur-, Njarðvíkur-, Keflavíkur- og Útskálaprestaköll sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og fimm prestar þjóna. **Skv. tillögu biskupafundar.** Óbreytt stöðugildi.

- b. Hafnarfjarðar-, Viðistaða- og Tjarnaprestaköll sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og fjórir prestar þjóna. **Skv. tillögu biskupafundar. (E.t.v. ath. Ástjarnarsókn?)** Óbreytt stöðugildi. *(Ekki er gert ráð fyrir verulegri íbúafjölgun í Hafnarfirði á næstu árum. Áætluð fjölgun íbúa er u.þ.b. 2.000 manns til ársins 2030 og þeir verði þá um 33.000.)*
- c. Garðaprestakall, sóknarprestur og þrír prestar. **(Aukning um eitt stöðugildi.)** *(Áætlað er að íbúum geti fjölgað um allt að 6.000 manns til ársins 2030 og verði þá um 23.500)*
- d. Mosfells- og Reynivallaprestaköll sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna. **ATH! Ný tillaga.** Óbreytt stöðugildi. *(Hér er áætlað að íbúum fjölgi um 4.000 til ársins 2030 og verði þá u.þ.b. 18.000)*

**Alls: Fjórir sóknarprestur og fjórtán prestar auk héraðsprests og prófests í fullu starfi.**

**Stöðugildi því alls 20 sem er fjölgun um 2.**

#### 4. Vesturlandsprófastsdæmi

- a. Garða- og Saurbæjarprestakall, sóknarprestur og tveir prestar. Óbreytt stöðugildi.
- b. Borgar-, Reykholts- og Stafholtsprestaköll sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna. **Skv. tillögu biskupafundar. (Ein prestanna með prófastsskyldur.)** Óbreytt stöðugildi.
- c. Ólafsvíkur- og Ingjaldshóls-, Setbergs-, Staðastaðar- og Stykkishólmsprestaköll sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna. Syðstu sóknir Staðarstaðarprestakalls fari undir Borg. **Skv. tillögu biskupafundar. (Fækkun um eitt stöðugildi)**
- d. Dalaprestakall, sóknarprestur. **Ath. hvort prestakallið hafi skyldur við Breiðafjarðar- og Strandaprestakall ásamt stoðþjónustu farprests. (Spurning um prófastsdæmi?)**

**Alls: Fjórir sóknarprestur og sex prestar. (Einn þeirra gegnir prófastsskyldum.)**  
**Stöðugildi því alls 10 sem er fækkun um 1.**

#### 5. Vestfjarðaprófastsdæmi

- a. Breiðafjarðar- og Strandaprestakall, sóknarprestur. **Ath. hvort Dalaprestakall hafi skyldur við prestakallið ásamt stöðþjónustu farprests. (Spurning um prófastsdæmi?) (Fækkun um eitt stöðugildi sem ekki er setið.)**
- b. Patreksfjarðarprestakall, sóknarprestur og 0,5 prestur. Óbreytt. **Ath. með djákna í fullu starfi í stað 0,5 prests?**
- c. Ísafjarðarprestakall, sóknarprestur og tveir prestar, **einn þeirra með prófastsskyldur. (Fækkun um eitt stöðugildi)**

**Alls: Þrjú sóknarprestar og 2,5 prestar. (Einn þeirra gegnir prófastsskyldum.) Stöðugildi því alls 5,5 sem er fækkun um 2 (ef Reykhólaembættið er talið með í fækkuninni).**

## 6. Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

- a. Melstaðar-, Hvammstanga-, Skagastrandar- og Þingeyrarklaustursprestaköll sameinist í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna. **Skv. tillögu biskupafundar. (Fækkun um eitt stöðugildi)**
- b. Glaumbæjar-, Hofsóss- og Hóla-, Miklabæjar- og Sauðárkróksprestaköll sameinist í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna. **(Einn þeirra gegnir prófastsskyldum.) Skv. tillögu biskupafundar. Þá hafi vígslubiskup þjónustuskyldur a.m.k. á Hólum. (Fækkun um eitt stöðugildi)**

**Alls: Tveir sóknarprestar og fjórir prestar. (Einn þeirra gegnir prófastsskyldum.) Stöðugildi því alls 6 sem er fækkun um 2. (Að auki vígslubiskup með þjónustuskyldur.)**

## 7. Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

- a. Akureyrar- og Laugalands-, Glerár- og Laufásprestaköll sameinist í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og fimm prestar þjóna. **Ath! Ný tillaga. Óbreytt stöðugildi. (Ekki er gert ráð fyrir umtalsverðri fjölgun á Akureyri fram til ársins 2030. Hugsanlega 1500-2000 manns)**
- b. Ólafsfjarðar-, Siglufjarðar- og Dalvíkurprestaköll sameinist í eitt prestakall, þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna. **Ath! Ný tillaga. (Fækkun um eitt stöðugildi.)**
- c. Húsavíkur-, Grenjaðarstaðar-, Skútustaða- og Langanes- og Skinnastaðarprestaköll sameinist í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og þrjú prestar þjóna. **Ath! Ný tillaga. (Fækkun um eitt stöðugildi.)**

d. Hér skal vera prófastur í fullu starfi en starf héraðsprests lagt niður.

**Alls: Þrír sóknarprestar og tíu prestar auk prófasts í fullu starfi.  
Stöðugildi því alls 14 sem er fækkun um 2.**

## 8. Austurlandsprófastsdæmi

a. Hofsprestakall, sóknarprestur. Óbreytt

b. Egilsstaðaprestakall, sóknarprestur og tveir prestar, **einn þeirra með prófastsskyldur.** Óbreytt stöðugildi.

c. Austfjarðaprestakall, sóknarprestur og þrír prestar. **(Fækkun um eitt stöðugildi.)**

d. Stöðugildi héraðsprests lagt niður.

**Alls: Þrír sóknarprestar og fimm prestar. (Einn þeirra gegnir prófastsskyldum.)  
Stöðugildi því alls 8 sem er fækkun um 2.**

## 9. Suðurprófastsdæmi

a. Bjarnanesprestakall, sóknarprestur og prestur. Óbreytt.

b. Kirkjubæjarklausturs- og Víkurprestaköll sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og prestur þjóna. **Skv. tillögu biskupafundar.** Óbreytt stöðugildi.

c. Breiðabólstaðar-, Fellsmúla- og Oddaprestaköll sameinast í Breiðabólstaðar- og Oddaprestakall þar sem sóknarprestur og einn prestar þjóna. **Skv. tillögu biskupafundar. (Fækkun um eitt stöðugildi.)**

d. Vestmannaeyjaprestakall, sóknarprestur og prestur. Óbreytt stöðugildi, en héraðsprestsskyldur settar á a.m.k. annan prestinn.

e. Hrúna- og Skálholtsprestaköll sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og einn prestur þjóna. **Skv. tillögu biskupafundar.** Þá hafi vígslubiskup þjónustuskyldur a.m.k. í Skálholti.

f. Árborgarprestakall, sóknarprestur og tveir prestar. Óbreytt stöðugildi.

g. Hveragerðis-, og Þorlákshafnarprestaköll sameinast í eitt prestakall þar sem sóknarprestur og einn prestur þjóna. **Ath! Ný tillaga.** Óbreytt stöðugildi.

d. Hér skal vera prófastur í fullu starfi en starf héraðsprests lagt niður.

**Alls: Sjö sóknarprestir og átta prestar auk prófasts í fullu starfi.  
Stöðugildi því alls 16 sem er fækkun um 1. (Að auki vígslubiskup með  
þjónustuskyldur.)**

#### **10. Sérþjónusta**

- a. Fangaprestur, eitt stöðugildi. Óbreytt.
- b. Prestur fatlaðra, eitt stöðugildi. Óbreytt.
- c. Prestur heyrnarlausra, eitt stöðugildi. Óbreytt.
- d. Prestur innflytjenda, tvö stöðugildi. Óbreytt.
- e. Prestur kvennakirkju 0,5 stöðugildi. **(Fækkun um 0,5 stöðugildi.)**
- f. Sjúkrahúsprestur aflagður. **(Fækkun um eitt stöðugildi.)**
- g. Prestur Kaupmannahöfn, eitt stöðugildi. Óbreytt.
- h. Prestur Svíþjóð, eitt stöðugildi. Óbreytt.
- i. Prestur Evrópu. 0,2 stöðugildi. Óbreytt.
- j. Prestur sátta aflagður. **(Fækkun um eitt stöðugildi.)**
- k. Farprestar, tvö stöðugildi. **(Fjölgun um 1,5 stöðugildi.)**
- l. „Samningsprestum“ fækkað í 1,5 stöðugildi. **(Fækkun um þrjú stöðugildi.)**

**Alls: Tólf sérþjónustuprestir í 11,2 stöðugildum sem er fækkun um 4.**

#### **11. Biskupsþjónusta**

- a. Biskup Íslands, eitt stöðugildi.
- b. Vígslubiskupar, tvö stöðugildi.

**Alls: Þrjú biskupar í 3 stöðugildum.**

**Eins og áður sagði verða stöðugildi presta skv. þessum tillögu alls 134,7 sem er fækkun um 10,5.**

#### **Biskupsstofa og önnur stöðþjónusta**

Ekki eru hér gerðar nákvæmar tillögur um starfsmannahald á biskupsstofu og í annarri stöðþjónustu þar sem nú er unnið að sérstökum tillögum um skipurit

biskupsstofu og yfirstjórn kirkjunnar sem óhjákvæmilega hljóta að hafa mikil áhrif á starfsmannahald. Það skal þó tekið fram að á síðustu mánuðum og árum hefur átt sér stað veruleg hagræðing í starfsmannahaldi biskupsstofu og því líkast til ekki miklir möguleikar á verulegum niðurskurði nema þá að til verulegrar útvistunar verkefna komi. En þá möguleika þarf að skoða sérstaklega m.a. með hliðsjón af tillögu sem lögð verður fram á kirkjuþingi um styrkingu prófastsdæma sem starfseininga. Lagt er til að störf prófaste verði gerð að sjálfstæðum störfum.

Því skal einnig haldið til haga að þær breytingar sem orðið hafa á löggjöf um þjóðkirkjuna undanfarin ár og aukið sjálfstæði hennar sem af þeim leiða, kalla á meiri vinnu á biskupsstofu. Á það einkum við um fjármála- og launaumsýslu, sem áður var sinnt af hálfu Fjárslu ríkisins og Ríkisendurskoðun. Einnig hefur löggjafinn undanfarin sett nýjar skyldur á atvinnurekendur s.s. um persónuvernd, jafnlaunavottun o.fl. Tölfræði kirkjunnar er einnig nýtt verkefni á biskupsstofu og þýðingarmikið fyrir starf hennar og stjórnun.